



Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi átælu í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 – 182. mál

Umsögn sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps, 16. október 2023.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps sendi inn [ítarlega umsögn](#) um „Grænbók um sveitarstjórnarmál“ í desember 2022. Einnig sendi sveitarstjórn Grýtubakkahrepps in [umsögn](#) um „Hvítbók – drög að stefnu í málefnum sveitarfélaga“ í apríl 2023.

Það er fagnaðarefni að um margt er tillaga til þingsályktunar betur unnin og fylgir markvissari aðgerðaáætlun en áður nefndar „bækur“. **Sveitarstjórn tekur almennt undir þau stefnumál sem fram koma í tillögunni** og fagnar áherslu á sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga, en vill þó áfram vísa í fyrrnefndar umsagnir þar sem ýmislegt á enn við.

Sveitarstjórn vill sérstaklega gera athugasemdir við eftirfarandi atriði er varða markmið og mælikvarða, á bls. 2:

- Eins og ítarlega var farið yfir í fyrri umsögnum, hefur 1000 íbúa lágmark lítið með sjálfbærni sveitarfélaga að gera, né hve öflug þau eru. Einnig er lýðræðisleg virkni mest í minni sveitarfélögum.
- Fækkun samninga milli sveitarfélaga með framsali á ákvörðunarvaldi ætti ekki að vera markmið í sjálfu sér, heldur ætti þeim frekar að fækka með sameiningum sveitarfélaga.

Svo vitnað sé beint í umsögn sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps um Hvítbók:

„Samstarf sveitarfélaga er mikið og er ekki að minnka nema síður sé. Nefna má nýjar lagabreytingar um farsæld barna og skipan barnaverndarmála sem hafa kallað á nýja samninga sem fela í sér framsal valds, milli flestallra sveitarfélaga á landinu.

Samstarf færir sveitarfélög nær hvert öðru og getur þannig verið undanfari sameininga. Því ætti ekki að leggja áherslu á að fækka samningum, það gæti bæði valdið afturför og meiri kostnaði við þjónustu og einnig tafið fyrir þróun sveitarfélagastigsins. Spyrja má þannig hvort það sé stefna stjórnvalda að brjóta upp samrekstur sveitarfélaga t.d. um slökkvilið, hafnir, veitur, almenningsamgöngur eða úrgangsmál? En um þessa málaflokka alla er viðamikið samstarf t.d. á milli stærstu sveitarfélaga landsins. Enda hefur samstarf milli sveitarfélaga ekkert með stærð þeirra að gera, heldur mótast af aðstæðum og því markmiði að veita íbúum góða þjónustu með sem hagkvæmustum hætti. Með sameiningum og fækkun sveitarfélaga mun samningum fækka sjálfkrafa, en það ætti ekki að vera sjálfstætt markmið.“

Þá gerir sveitarstjórn eftirfarandi athugasemdir við greinargerð þá er fylgir tillögunni:

Sveitarfélögin bls. 16.

Fullyrðingar um að fámenn sveitarfélög geti átt í erfiðleikum með sinna hátt í 80 lögbundnum verkefnum sveitarfélaga ásamt öðrum lögbundnum skyldum sínum, frekar en hin stærri, eru algerlega órökstuddar, ekki minnst á hvaða þjónustu er átt við eða neitt sem bendir til óánægju



íbúa um þjónustu. Á liðnum misserum hafa verið töluverðar fréttir af þjónustubresti hjá sveitarfélögum, en það hefur ekki átt við hin smærri, raunar þvert á móti.

Þá er enn talað um samninga og samstarf minni sveitarfélaga, en staðreyndin er að viðamestu samstarfsverkefni sveitarfélaga eru hjá stærstu sveitarfélögum landsins. Sem dæmi og til skýringar, þá sér Grýtubakkahreppur sjálfur og einn um rekstur vatnsveitu, fráveitu og slökkviliðs og sama gildir um mörg minni sveitarfélög. Almennt reka stærstu sveitarfélög landsins þessa grunnþjónustu hins vegar ekki sjálf, heldur í byggðasamlögum eða öðru samstarfsformi. Marggöft hefur verið bent á þessar rangfærslur og ótrúlegt að þær birtist enn og aftur í greinargerð frá ráðuneytinu.

Með sameiningum minnstu sveitarfélaganna færast almennt vald frá íbúum þeirra yfir til fjölmennari nágranna. Minnstu sveitarfélögin verða þá jaðarsvæði í stærri sveitarfélögum. Jaðarsvæði sem hafa ekki ákvörðunarvald um hvaða þjónusta sé veitt á svæðinu. Útilokað er að bæta þjónustu á jaðarsvæðum á sama tíma og hagrætt er í rekstri. Það verður ekki bæði sleppt og haldið.

Í þessu sambandi má vísa í hugmyndir að breytingum á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en þar kemur glögg fram að sameinuð landmikil sveitarfélög eiga almennt í vandræðum og eru talin þurfa auknar tekjur til að geta staðið undir þjónustu. Sú staðreynd ætti að vera mikið umhugsunarefni.

Enn á ný er ranglega vitnað í rannsóknir, þegar þekkt er að til þessa hefur ekki verið hægt að sýna fram á sparnað í rekstri eftir sameiningar sveitarfélaga á Íslandi. Einfalt er að vísa í skýrslu ráðuneytisins; „[Öflugri sveitarfélög, væntur ávinningur við sameiningu sveitarfélaga m.v. 1000 íbúa að lágmarki](#)“ frá 2019.

Í henni segir á bls. 23: „*Í mörgum rannsóknum sem gerðar hafa verið á hagræði eða bættri þjónustu sveitarfélaga í kjölfar sameininga hefur ekki verið hægt að sýna fram á að þess hafi gætt í kjölfar sameininga á Íslandi (Eythórsson & Karlsson, 2018; Karlsson, 2015; Karlsson & Eythórsson, 2019).*“ Þessi setning er algerlega skýr, staðfestir með vísun í rannsóknir að fullyrðing ráðuneytis er einfaldlega röng, ekki hefur tekist að sýna fram á að sameiningar sveitarfélaga á Íslandi hafi leitt til lækkunar á kostnaði eða betri þjónustu.

Lágmarksþjónusta sveitarfélaga bls. 25.

Mikilvægt er að ráðuneytið afli upplýsinga um þá þjónustu sem sveitarfélög á Íslandi eru að veita, og þá bæði stór og lítil, sem og ánægju íbúa með þjónustuna. Upplýsingar ættu þannig að liggja fyrir áður en fullyrðingar eru settar fram og svo stefna mótuð sem byggir á þeim fullyrðingum. Enn er fullyrt án gagna og raka, um getu minni sveitarfélaga og verður einnig að ítreka það sem að framan hefur verið sagt, að fara ber varlega í þeirri stefnu að minnka samstarf sveitarfélaga um þjónustu. Þá er ekkert sem bendir til að þjónusta í fámennari byggðum batni eða verði auðleystari við sameiningar einar og sér. Hætt er við að þegar einblínt er á sameiningar sem lausn á vanda, hvort heldur er fjárhagsvanda eða þjónustuvanda, muni áfram endurtaka sig þau vonbrigði sem íbúar upplifa þegar væntingar ganga ekki eftir við sameiningar.

Vísa má til þróunar í Noregi, en sameiningarátaki sem stjórnvöld þar stóðu fyrir á árunum 2014



GRÝTABAKKAHREPPUR

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400
www.grenivik.is

til 2020 hefur verið hampað töluvert hér á landi á liðnum árum. Minni fréttir heyrast af gangi mála nú, en vegna mikillar óánægju íbúa eftir sameiningar, er nú verið að skipta sveitarfélögum og kommúnum upp aftur til baka! Þar var of langt gengið í sameiningum stofnana og skerðingu þjónustu á minni stöðum. Af þessu mættu Íslendingar draga lærdóm og minnka áherslu á að þvinga fram sameiningar á röngum forsendum.

Að lokum.

Sveitarstjórn Grýtabakkahrepps telur samt sem áður að sameiningar sveitarfélaga muni halda áfram, að sveitarfélögum muni áfram fækka og þau stækka. Það verður hins vegar að fá að gerast á grundvelli vilja íbúa en ekki vegna beinna eða óbeinna þvingana.

Sveitarstjórn skorar á stjórnvöld að fella ákvæði um 1000 íbúa lágmark út úr bæði „stefnu í sveitarstjórnarmálum“ sem og sveitarstjórnarlögum. Með því má ná almennri sátt um aðgerðir til eflingar sveitarstjórnarstigsins. Jafnframt má þá færa áherslur yfir á atriði sem raunverulega hafa vigt til að bæta stöðu sveitarstjórnarstigsins í heild.

Þannig mun mestur árangur nást við þá mikilvægu vinnu sem svo var lýst í inngangi Hvítbókar:

„Markmið ríkisins með stefnu og aðgerðaáætlun í málefnum sveitarfélaga er að gera sveitarfélögin í landinu betur í stakk búin til að sinna lögbundnum skyldum sínum og takast á við aukna ábyrgð og áskoranir til framtíðar.“

Sveitarstjórn Grýtabakkahrepps tekur undir þessi markmið og er á öllum stigum reiðubúin að leggja sitt af mörkum við undirbúningsvinnu og ekki síður að stuðla að því að markmiðin megi ná fram að ganga.

Umsögn þessi frágengin og samþykkt samhljóða á fundi sveitarstjórnar 16. október 2023.

Grenivík 16. október 2023,

f.h. sveitarstjórnar Grýtabakkahrepps,

Þrástur Friðfinnsson, sveitarstj.